

Og hvað svo.....

16.02.2007 - 3

Hvað er FG að gera?

Eins og öllum er kunnugt hefur viðræðum vegna endurskoðunarákvæðis í kjarasamningi okkar verið hætt í bili. Margir kennarar spyrja, hvað svo? Þar sem ekki er um eiginlegar kjaraviðræður að ræða, eru ekki margar leiðir færar. Í endurskoðunarákvæðinu kemur fram að aðilar eiga að grípa til þeirra aðgerða sem þeir verða sammála um. Eins og ítrekað hefur komið fram eru stjórn, samninganefnd og svæðaformenn FG þeirrar skoðunar að hugmyndir sveitafélaganna séu fráleitar, en þau telja að efnahags- og kjarapróun frá nóvember 2004 til september 2006 verði bætt með 0,75% hækkun launa.

Í kjölfar þess að viðræðum var hætt kynnti forysta FG ítarlega sjónarmið sín. Þetta var meðal annars gert með því að:

- Senda bréf heim til allra sveitastjórnarmanna (tæplega 600) og kynna þeim afstöðu FG og skýra frá þróun mála

- Gera menntamálaráðherra grein fyrir málinu
- Gera formanni Sambands íslenskra sveitarfélaga grein fyrir málinu
- Gera formanni Heimilis og skóla grein fyrir málinu
- Senda kennurum fréttabréf
- Birta greinar í blöðum
- Hrint af stað skoðanakönnun vegna væntanlegrar kröfugerðar
- Fundir með öllum trúnaðarmönnum á síðustu tveim vikum
- Mæta í viðtöl við blöð, sjónvarp og útvarp

Það er ljóst að boltinn er nú hjá sveitarfélögunum. Flestir sem hafa tjáð sig um málið er sammála um að 0,75% sé hvergi nándar nærri nóg til að mæta efnahags- og kjarapróuninni.

Viðræður aðila

Frá því í september hafa LN og KÍ vegna grunnskólans (FG og SÍ) átt í viðræðum vegna greinar 16.1 í kjarasamningi aðila.

FG og SÍ óskuðu eftir því í desember 2005 að hefja viðræður aðila vegna greinar 16.1. Því var hafnað.

Í febrúar 2006 óskuðu FG og SÍ eftir því að hefja viðræður á grundvelli greinar 16.1. Því var hafnað.

Viðræður hófust með fundi aðila 23. ágúst 2006.

Í febrúar 2007 hafa aðilar hist alls 19 sinnum án árangurs.

Hverjir eru í framlínunni?

Nokkuð er um að fólk telji að Eiríkur Jónsson formaður KÍ sé í forystu FG og samninganefndar grunnskólakennara. Þetta er auðvitað ekki rétt. Eins og kennarar vita er Eiríkur formaður heildarsamtaka kennara, KÍ, en Félag grunnskólakennara er eitt af aðildarfélögum þess. Aðildarfélög KÍ geta óskað eftir aðkomu formanns KÍ sbr. 26. grein laga Kennarasambandsins.

Á síðasta aðalfundi Félags grunnskólakennara í febrúar 2005 var kosinn nýr formaður, ný stjórn og ný samninganefnd.

Í þeim viðræðum sem nú hafa farið fram hafa stjórn, samninganefnd og formenn svæðafélaga borið hitann og þungann af allri vinnu og skipulagningu.

Samninganefnd FG er skipuð 5 manna stjórn FG og 5 aðilum kosnum beint í samninganefnd á aðalfundi, sem sagt 10 manna hóp. Þetta eru ásamt svæðaformönnum:

Stjórn FG

Ólafur Loftsson formaður FG
Þórður Árni Hjaltsted varaformaður FG
Valgerður Eiríksdóttir ritari FG

Ásta Ólafsdóttir gjaldkeri FG
Sigurður Haukur Gíslason meðstj. FG

Samninganefnd

Jón Pétur Zimsen
Guðrún Guðmundsdóttir
Sigurjón Magnússon
Baldur Þorsteinsson
Örn Arnarson



Svæðaformenn

Þorgerður Diðriksdóttir formaður KFR
Sigurður Haukur Gíslason formaður KMSK
Sturla Þorsteinsson formaður KR
Kristín Helgadóttir varaf. KR í fjarveru Sturlu
Jónella Sigurjónsdóttir formaður KS
Dóra Björk Gunnarsdóttir formaður KV
Helga Tryggvadóttir varaf. KV í fjarveru Dóru
Hildur Jörunn Agnarsdóttir formaður KSA
Daníel Freyr Jónsson formaður BKNE
Guðbjörg Halla Magnadóttir formaður KSV
Sigurður Þór Ágústsson formaður KSNV
Þóra Magnúsdóttir formaður KfV

Ábyrgðarleysi sveitarstjórna

Í kjölfar verkfalls árið 2004 kom fram hjá öllum ráðamönnum þjóðarinnar að menn yrðu að læra af þeim mistökum sem gerð voru í aðdraganda þessara átaka og sátt yrði að nást um grunnskólann. Menntasvið Reykjavíkur (þá Fræðsluráð) lét gera úttekt á ferli kjaraviðræðnanna og meðal helstu niðurstaðna er að auka verði samstarf aðila og efla trúnað.

Frá því að ný stjórn tók við í FG í febrúar 2005 hefur enginn sveitarstjórnarmaður haft samband við félagið til að ræða þessi mál.

FG hefur frá því haustið 2005 unnið markvisst að því að efla innra starf sitt og breyta um áherslur í kjaravinnunni. FG hóf formlega vinnu vegna þessa með ráðstefnunni „Ýtt úr vör“ haustið 2005.

Í rúmt ár hefur formaður FG að eigin frumkvæði fundað með sveitarstjórnarmönnum, borgarstjóra og bæjar- og sveitarstjórum, bæði formlega og óformlega. Þar hefur hann lýst áhyggjum sínum af því hvert stefni í samskiptum sveitarfélaga og grunnskólakennara.

Því miður voru þetta ekki þarflausar áhyggjur.